

Stjórnir eftirfarandi félaga

Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.
Austurstræti 5
Reykjavík

og

Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf.
Borgartúni 19
Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2004.

Efni: Skýrsla matsmanna vegna samruna Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. og Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. sbr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Við höfum kannað samrunaáætlun félaganna sem er miðuð við 30. júlí 2004, dagsett 22. nóvember 2004 og undirrituð af stjórnnum beggja félaganna, og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Félögin verða sameinuð undir nafni Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbankans hf., en heildarhlutafé þess félags nemur kr. 43.500.000-.

Fyrir liggur sameiginleg greinargerð stjórnar Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. og stjórnar Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. um samrunaáætlunina þar sem hún er skýrð og rökstudd. Við sameininguna fellur hlutafé Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. niður og eru allar eignir og skuldir þess félags yfirfærðar í fjárfestingasjóðinn KB Samval, sem er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Búnaðarbanka hf. Eigendur hlutabréfa Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf. fá afhent hlutdeildarskírteini í fjárfestingasjóði Rekstrarfélagsins, KB Samval. KB Samval er nýr fjárfestingasjóður sem var stofnaður sérstaklega fyrir þennan samruna og inniheldur engar eignir né skuldir fyrir samruna. Skiptigengið verður þannig að fyrir hverja krónu nafnverðs sem hluthafar eiga í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf. fá þeir 1 einingu í fjárfestingasjóðnum KB Samvali.

Það er álit okkar að verðmæti hlutdeildarskírteina sem hluthafar fá í skiptum fyrir hlutabréf sín í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf. sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Ekki verður séð að sameining félaganna komi til með að rýra möguleikar lánardrottna á fullnustu krafna, er þeir eiga á hendur félögunum.

Virðingarfyllst,

F.h. Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans hf.

F.h. Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Deloitte hf.,

Birkir Leósson, löggiltur endurskoðandi

KPMG Endurskoðun hf.

Margrét G. Flóvenz, löggiltur endurskoðandi
Reynir S. Gylfason, löggiltur endurskoðandi